

## Fyrirspurn

**til dómsmálaráðherra um undirbúning að breytingu á reglum um valdbeitingu löggreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna.**

Frá Halldóri Auðar Svanssyni.

1. Hvaða fundi, formlega sem óformlega, með hvaða aðilum og hvenær, hélt ráðherra vegna nýlegra breytinga á reglum um valdbeitingu löggreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna sem heimila notkun á rafbyssum?
2. Hvaða samskipti átti ráðherra, formleg sem óformleg, við hvaða aðila innan sem utan Stjórnarráðsins og hvenær, vegna þessara breytinga?
3. Á hvaða gögnum byggði ráðherra ákvörðun sína um breytingu á reglunum?
4. Var ákvörðun um breytinguna tekin fyrir á ríkisstjórnarfundi eða ríkisstjórnarfundum, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, sem fjallar um skyldu til að halda ríkisstjórnarfundi um mikilvæg stjórnarmálefni? Ef svo er, á hvaða fundi eða fundum? Ef svo er ekki, var það mat ráðherra að breytingin teldist ekki til mikilvægs stjórnarmálefnis?
5. Hvers vegna telur ráðherra rétt að gera veigamikla efnislega breytingu á vopnaburði löggreglu í reglum settum á grundvelli vopnalaga áður en klárað er að færa slíka heimild yfir í löggreglulög, í ljósi þess að í greinargerð með frumvarpi ráðherra til breytinga á löggreglulögum, nr. 90/1996, sem lagt var fram 2. desember sl., segir: „Talið er eðlilegt og ákjósanlegt að kveðið sé á um meðferð og notkun vopna í löggreglulögum og reglum settum á grundvelli þeirra frekar en í vopnalögum.“?

**Skriflegt svar óskast.**

---